



Reykjavík 22. mars 2016

Nefndasvið alþingis  
B.t formanns Atvinnuveganefndar Jóns Gunnarssonar

**Varða tillögu að breytingum á lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.**

Fulltrúar Matvæla- og veitngafélags Íslands voru í framhaldi af umsögn og athugasemdum sem félagið sendi inn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 ( heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstrarleyfi ) kallaðir á fund atvinnuveganefndar.

Á fund nefndarinnar 19. febrúar s.l. fórum við yfir umsagnir og athugasemdir sem sendar höfðu verið inn. Það voru lagðar fyrir okkur spurningar sem leiddu af sér góðar umræður. Fulltrúar MATVÍS gerðu grein fyrir misræmi á þessum lögum og iðnaðarlögum nr. 42/1978 þar sem ekki væri gerð krafa um framreiðslu- og matreiðslumeistara í lögum um nr. 85/2007. Að lokum var spurt hvort við kæmum ekki með tillögu að breytingu á lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald þar sem við myndum leggja til hvernig við sæjum lagabreytingar geta orðið til þess að bæta úr þessum vankönnnum.

Tillögur MATVÍS eru:

**Tillaga að breytingu á 3. mgr. 4. gr. laga nr 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.**

MATVÍS gerir þá tillögu að flokkur I og flokkur II í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 85/2007 breytist og verði svo:

*Flokkur I: Skyndibitastaðir með eða án áfengisveitinga og minni veitingastaðir með fábrotinn matseðil/vínseðil.*

*Flokkur II: Veitingastaðir og veitingahús þar sem þjónað er til borðs með fullri þjónustu og fjölbreytni í mat og drykk“*

MATVÍS gerir ekki tillögu um breytingar á 4 grein að öðru leyti og gerir ekki athugasemdir við tillögu í frumvarpi varðandi Flokk III

Röksemdir:

Tillaga þessi lítur að því að skilgreina betur þá veitingastaði og veitingahús sem falla ættu undir 8. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978 að því leyti hvort að starfsemi sem þar fer fram kalli á forstöðu matreiðslu- og framreiðslumeistara.

Rök fyrir breytingu þessari eru þau að MATVÍS gerir sér grein fyrir því að óraunhæft er að ætla að krafa 8.gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978 eigi við um alla þá staði sem búa til og selja mat. Til dæmis

telur MATVÍS ekki þörf á að meistari veiti forstöðu skyndibitastað sem framleiðir og selur einfalda rétti svo sem hamborgara, pizzur, salöt og þess háttar þar sem viðskiptavinir er ekki þjónað til borðs, eða minni staði með fábrotin matseðil/vínseðil.

**Tillaga að breytingu á 8.gr. laga nr. 85/2007**

MATVÍS gerir þá tillögu að við 1. mgr. 8. gr. laga nr. 85/2007 bætist við h. liður þannig:

*„ h. Hafi starfandi á hverjum tíma meistara í matreiðslu og framreiðslu sé sótt um rekstrarleyfi til reksturs skv. flokki II í 3. mgr. 8. gr. laga þessara.*

*Veita má, að fenginni umsögn MATVÍS, félags iðnaðarmanna í matvæla- og veitingagreinum, tímabundna undanþágu frá skilyrði þessu vegna sérstakra aðstæðna svo sem vegna skorts á fagmenntuðum meisturum. Undanþágu skal þó að jafnaði ekki veita lengur en til 1 árs“*

Röksemdir:

Tillaga þessi lítur að því að aðgreina betur þá veitingastaði og veitingahús með rekstur er 8. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978 nær yfir frá þeim stöðum er krafa 8. gr. iðnaðarlag nær ekki til.

Þá er gert ráð fyrir því í tillögu þessari að veita megi undanþágu frá skilyrði um starfandi meistara tímabundið. Rökin fyrir því eru þau að á síðustu misserum hefur veitingahúsum fjölgað ört m.a. vegna aukins fjölda ferðamanna til landsins. Hefur sú fjölgun verið umfram fjölda útskrifaðra fagmanna í mat- og framreiðslu og er því rétt að gefa greininni svigrúm meðan það ástand varir. Þykir MATVÍS eðlilegt að tímabinda slíka undanþágu en eftir atvikum mætti þá framlengja undanþágu ef aðstæður hafa ekki breyst. Sem félag iðnaðarmanna í matvæla- og veitingageiranum þykir MATVÍS eðlilegt að leitað sé til félagsins varðandi umsögn um það hvort aðstæður þær er réttlæta undanþágu séu til staðar.

Virðingarfyllst

F.h MATVÍS

*Niels S. Olgeirsson*

Niels Sigurður Olgeirsson, fomaður